

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1994

I

# FORNLEIFAKÖNNUN

## vegna Hvalfjarðarganga

Rannsókn 26. - 27. febrúar 1994.

Guðmundur Ólafsson

FORNLEIFAEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1994 REYKJAVÍK

TILHEYRIR  
ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS  
FORNLEIFAEILD

(C) 1994 Guðmundur Ólafsson

Rit þetta má ekki afrita á neinn hátt, að hluta eða í heild án leyfis höfundar.

# Fornleifakönnun vegna Hvalfjarðarganga

26.-27. febrúar 1994.

## **Inngangur.**

Á undanförunum misserum hefur verið unnið að margvíslegum undirbúningsrannsóknum í sambandi við hugsanlega gerð jarðganga undir Hvalfjörð og lagningu vegar að þeim, bæði á Kjalarnesi og undir Akrafjalli. Leitað var til Þjóðminjasafns Íslands um að kanna væntanlegt vegarstæði og ganga úr skugga um hvort þar væri að finna einhverjar fornminjar sem taka þyrfti tillit til í sambandi við vegalagninguna.

Áður hefur verið gerð úttekt á friðlýstum fornleifum í Borgarfjarðarsýslu (Guðmundur Ólafsson 1991) og einnig hefur farið fram skyndikönnun á fornleifum sunnan Skarðsheiðar í sambandi við svæðisskipulag (Adolf Friðriksson 1992). Ljóst er að engar friðlýstar fornleifar eru á þessu svæði, og ekki var vitað til þess að þarna væru aðrar minjar.

Dagana 26. - 27. febrúar kannaði undirritaður væntanlegt vegarstæði að beiðni Vegagerðarinnar í Borgarnesi, dagsettri 20. jan. 1994. Ber Vegagerðin allan kostnað af könnuninni. Markmið þessarar forkönnunar var eingöngu að athuga hvort einhverjar fornleifar gætu verið í eyðileggingarhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ekki var gert ráð fyrir að tími eða aðstæður væru til að mæla upp eða rannsaka nánar minjar sem kynnu að finnast. Aðeins var gert ráð fyrir að hugsanlegar minjar yrðu staðsettar á skipulagskort.

## **Vettvangsönnun.**

Könnunin fór fram með þeim hætti, að öll vegalínan var gengin, frá Akranesi, suður með Akrafjalli að Laxá. Leiðin sem þarna var gengin er um 15 km löng. Einnig var gengið eftir fyrirhuguðu vegarstæði sunnan Hvalfjarðar, frá bænum Dalsmynni að Saurbæ á Kjalarnesi, um 1,5 km leið.

Á þessari göngu varð vart við nokkur mannvirki, ýmist í vegarstæðinu sjálfu eða í næsta nágrenni við það. Er þeirra allra getið hér að neðan, hvort sem þau falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga á fornleifum, þ.e. að vera eldri en 100 ára, eða ekki.


### 1. Kílræsi í landi Ytra-Hólms.

Í vegalínunni, þar sem hún fer undir háspennulínu, suðaustan undir Skollholti og á svæðinu þar fyrir sunnan, eru margir litlir *samsíða garðar*. Þeir eru mjög lágir, aðeins um 10-20 cm á hæð og um 30-40 cm breiðir. Bilið á milli garðanna er á milli 10 til 15 m. Ekki varð ljóst við vettvangs-könnun um hvers konar mannvirki var að ræða, eða hversu gamlir garðarnir gætu verið. Þeir virtust þó ekki vera mjög fornlegir útlits.

Að sögn Antons Ottesen oddvita, Ytra-Hólmi mun vera um að ræða svonefnd *kílræsi*, sem plægð voru fyrir 2-3 áratugum til að beina vatni í fyrstu framræsluskurðina á svæðinu. Síðar hafa fleiri framræsluskurðir verið grafnir, og skera þeir kílræsin víða sundur.

Nokkur hundruð metrum sunnar eru leifar mikilla mógrafa.


### 2. Tóft? í landi Eystra-Reynis.



Við syðri mörk vegalínu, á norðanverðu Öxnholti er dálítill *óslétt þúst*, allt að 50 cm há. Að ummáli er hún líklega um 8 - 10 m. Ofan í hana er dæld sem er um 1-2 m löng og um 50-60 cm breið. Á stöku stað má sjá steina standa upp úr þessari þúst. Af yfirborðinu var ekki með vissu hægt að greina hvort hér var um að ræða mannvirki, eða náttúrulega þúst sem væri hluti af Öxnholti.


Landeigendum er ekki kunnugt um nein mannvirki á þessum stað. Úr þessu fengist væntanlega skorið með lítilli rannsókn þar sem tekið væri snið í þústina.

### 3. Lambakofi, í landi Kirkjubóls.



Á holti um 30 m norðan við fyrirhugað vegarstæði og um 300 m austan við bæinn að Kirkjubóli er tóft sem er um 4 x 5 m að utanmáli. Tóftin er mjög fallin saman, en samt greinileg. Veggir sem eru um 50 cm háir hafa verið úr torfi og grjóti. Inngangur er á suðurgafli upp að vesturhlið. Þetta eru líklega leifar af *lambakofa*. Hann virðist ekki vera mjög gamall, hugsanlega frá aldamótum.

#### 4. Eyðibýlið Tyrfingsstaðir, í landi Kirkjubóls.



Um 50-60 m suðvestan við vegarstæðið eru leifar eyðibýlisins Tyrfingsstaða. Þar eru nú greinilegar þrjár *tættur torfhúsa*, en einnig eru syðstu tvö húsin uppstandandi og klædd bárujárnri. Umhverfis bæinn, en einkum að baki hans, mótar fyrir lágvöxnum bæjarhól, líklega manngerðum. Úr austurhlið hans gengur garðbrot til austurs. Svo virðist sem útihús hafi síðar verið sett ofan í bæjarstæðið.

Tyrfingsstaða er m.a. getið 1706 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Bæjarhóll og tættur Tyrfingsstaða ættu ekki að vera í neinni hættu af fyrirhugaðri vegalagningu.

Fleiri minjar eru í landi Kirkjubóls sem ástæða væri til að skrá, þó að þær séu ekki í vegi fyrir neinum framkvæmdum. Á loftmynd má t.d. sjá móta fyrir tóftum í túninu niður af bænum og einnig austan við hann, niður af Tyrfingsstöðum. Í vikinni sem er niður af Kirkjubóli var stundað útræði.

#### 5. Heystæði? í landi Ytri-Galtarvíkur.

Um 70-80 m suður af fyrirhuguðu vegarstæði, á brekkubrún beint upp af bænum Ytri-Galtarvík er óslétt þúst. Hún er um 8 m breið og 10-15 m löng og allt að 50 cm að hæð. Ekki verður af yfirborði séð að hér sé um að ræða byggingarleifar. Minnir þessi óslétta hrúga fremur á gamalt heystæði, þar sem heyið hefur að hluta orðið eftir. Ekki virðist þessi þúst vera mjög gömul, en hún mun ekki vera í hættu vegna fyrirhugðarar vegagerðar.

Skammt frá, bæði austar og norðar eru merki um torf- eða mótöku. Þeim mun ekki heldur vera hætta búin vegna vegaf framkvæmda.

#### 6. Hermannvirki í landi Dalsmynnis, Kjalarnesi.

Fremst á dálítilli hæðabrún, rúmlega 200 m norðan við bæinn að Dalsmynni, er gryfja sem sprengd hefur verið ofan í klöpp. Mannvirki þetta, sem er í miðju vegarstæðinu, er um 4 x 4 m í þvermál og um 1,5 m að dýpt.

Líklega er um að ræða leifar af litlu skotbyrgi eða öðru hermannvirki frá síðari heimstyrjöld, en þá var herinn með bækistöð á þessu svæði. Fyrir neðan hæðina eru leifar af fleiri hermannvirkjum.

## 7. Túngarður í landi Saurbæjar, Kjalarnesi.

Garður úr torfi og grjóti, um 1 m þykkur og allt að 1 m að hæð. Garðurinn, sem er rétt sunnan við vegarstæðið, um 150 m í austur frá bæjarhúsum á Saurbæ, myndar austurhlið lítils gróður- eða skógræktarreits. Hann er um 20 m langur. Garðurinn er ekki mjög fornlegur að sjá, og hefur sennilega verið endurhlaðinn síðast á þessari öld. Ójöfnur beggja vegna við hann benda til þess að þar gætu hugsanlega hafa staðið byggingar áður fyrr sem sléttað hefur verið yfir.

Samkvæmt upplýsingum frá Ólafi Böðvarssyni, frá Saurbæ, er um að ræða leifar gamla *túngarðsins* á Saurbæ sem var að mestu jafnaður við jörðu um 1960, ásamt einhverjum útihúsum frá síðustu öld.

Í landi Saurbæjar eru enn sýnilegar ýmsar minjar um forna búskaparháttu, sem eru ekki í vegi fyrir fyrirhuguðu vegarstæði en ástæða væri til að kanna frekar. Nefna má bátanaust, réttir og leifar af seli fram á fjalli, þar sem Matthías Jochumsson á að hafa náð sér í mjaltastúlkuna fyrir konu.

### Niðurstaða:

Í og við fyrirhugað vegarstæði varð vart við leifar meintra mannvirkja á alls 7 stöðum. Af þeim eru þrír staðir sem munu væntanlega verða fyrir vegaframkvæmdunum. Það er hluti af kílræsunum í landi Ytra-Hólms (nr. 1), hermanna virkið í landi Dalsmynnis (nr. 6) og túngarðurinn í landi Saurbæjar (nr. 7).

Kílræsin og hermanna virkið eru svo ung að þau falla ekki undir ákvæði núverandi þjóðminjalaga um fornleifar.

Túngarðurinn í Saurbæ virðist ekki gamall á þeim kafla sem vegurinn kemur til með að liggja, en athuga þarf hann aðeins nánar með prufugreftri, vegna þess að sá bútur er hugsanlega eini hluti túngarðsins sem ekki hefur verið jafnaður við jörðu.

Einnig þarf að gera sams konar könnun á svæðinu við Öxnholt (nr. 2) til að ganga úr skugga um hvort þar sé um að ræða fornt mannvirki eða ekki. Komi í ljós við rannsókn, að hér sé um forn mannvirki að ræða gæti hugsanlega þurft að færa vegarstæðið þar um set.

Aðrar minjar virðast ekki vera í hættu vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda og ef frá er skilinn ofangreindur fyrirvari um rannsókn á meintri tóft nr. 2 og túngarði nr. 7, er að mati fornleifadeildar ekkert því til fyrirstöðu að núverandi vegarstæði verði fyrir valinu.

## **Þakkir.**

Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands vill nota tækifærið og koma á framfæri þökkum til Vegagerðarinnar í Borgarnesi. Það er mjög til fyrirmyndar hvernig staðið hefur verið að verki í sambandi við fyrirhugaða vegagerð af hennar hálfu. Of sjaldgæft er að minjavörslunni sé gefið tækifæri á að koma jafn snemma inn framkvæmdaferlið og hér er raunin á. Algengst hefur verið að kalla til fornleifafræðing þegar eitthvað óvænt hefur komið í ljós við vegagerðina. Þá er það yfirleitt orðið of seint og skaðinn þegar orðinn. Það er því mikið ánægjuefni að verða var við þann aukna skilning á mikilvægi þess að hugað sé að fornminjum með góðum fyrirvara í sambandi við alla skipulagsvinnu, áður en framkvæmdir eiga að hefjast.

Öllum sem veitt hafa upplýsingar um minjar á svæðinu er einnig þökkun góð aðstoð.

## **Munnlegar heimildir:**

Anton Ottesen, Ytra-Hólmi.  
Benedikt Haraldsson, Vestra-Reyni  
Guðríður Gunnarsdóttir, Dalsmynni.  
Ólafur Böðvarsson, Saurbæ.  
Sigurjón Guðmundsson, Kirkjubóli.


## **Ritaðar heimildir:**

Adolf Friðriksson. 1992. *Skýrsla um fornleifar sunnan Skarðsheiðar*. Reykjavík.  
Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1925 og 1927. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IV*. Kaupmannahöfn.  
Guðmundur Ólafsson, 1991. *Fridlysta fornlægningar í Borgarfjörðurs hárad, Island*. Uppsala.











X-686000



X-686000



X-684000

Y-42